

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 53/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hauki Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Reynslulausn. Umferðarlög. Fíkniefni. Ölvunarakstur. Sakarkostnaður. Ítrekun. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur af hálfu ákærvaldsins skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1997 tveimur dómum á hendur ákærða, upp kveðnum 29. október 1996 og 10. janúar 1997 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Krafist er endurskoðunar á refsíákvörðunum dómanna, þannig, að endurdæmd reynslulausn í dóminum frá 29. október verði felld niður og dómfellda dæmd refsing í einu lagi í báðum málum, þó eigi þyngri en dómfelldi hlaut samanlagt í héraðsdómunum báðum.

Ákærði gerir þær kröfur, að refsing verði dæmd í einu lagi og milduð verulega. Jafnframt verði hún ákveðin sem hegningarauki við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. maí 1996.

Við samningu dóms 29. október 1996 urðu þau mistök, að 180 daga reynslulausn, er ákærði hlaut 26. september 1994, var tekin upp og dæmd með refsingu vegna brots, sem hann hafði játað og var til refsíákvörðunar í þeim dómi. Í dómi 10. janúar 1997 er það rakið, að dómarrinn hafi síðan komist að því, að þessir 180 dagar höfðu með dómi 10. maí 1996 verið dæmdir með refsingu ákærða, sem þá var til ákvörðunar. Þá hafi við refsíákvörðun 29. október átt að taka tillit til ítrekunaráhrifa dómsins frá 10. maí. Í dóminum 10. janúar 1997 er ákærða síðan dæmdur með hliðsjón af sakaferli hans þriggja mánaða hegningarauki við tíu mánaða fangelsisdóminn 29. október 1996.

Ríkissaksóknari heldur því fram, að dómurinn 10. maí 1996, sem birtur var ákærða 10. júní það ár, hafi átt að valda hegningaraukaáhrifum við ákvörðun refsingar 29. október það ár, en eigi ekki að hafa bein ítrekunaráhrif, eins og héraðsdómari telji, við refsíákvörðun 10. janúar 1997. Dómurinn 10. maí eigi hins vegar að hafa bein ítrekunaráhrif í dóminum 10. janúar, en það tiltaki dómari ekki. Dómar frá 3. nóvember 1992 og 5. mars og 4. júní 1993 hafi einnig átt að hafa þau áhrif í þessum dómi. Sú margfalda ítrekun hljóti að horfa til refsipýngingar og vega á móti þeirri leiðréttingu, sem héraðsdómari ákvað með dóminum 10. janúar 1997.

Refsíákvörðun fyrir brot þau, sem ákærði hefur játað samkvæmt héraðsdómum frá 29. október 1996 og 10. janúar 1997, verður tiltekin í einu lagi samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem brot samkvæmt dómi 29. október voru að hluta til framin, áður en dómur 10. maí 1996 var birtur ákærða, ber einnig að vísa til 78. gr. sömu laga. Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði hlotið tíu refsídóma frá árinu 1981 auk dómsins frá 10. maí 1996 fyrir þjófnaði, hylmingu, rán, skjalafals og fíkniefnabrot. Þá hefur hann frá árinu 1984 gengist undir sextán dómsáttir, tvær viðurlagaákvarðanir og eina lögreglustjórásátt, aðallega fyrir fíkniefnabrot. Fallast ber á það með ríkissaksóknara, að dómar frá 3. nóvember 1992 og 5. mars og 4. júní 1993 eigi að hafa ítrekunaráhrif á refsinguna og að dómur 10. maí 1996 eigi að hafa ítrekunaráhrif á refsinguna, sem ákveðin verði fyrir brot, sem um getur í dómi 10. janúar sl. Með hliðsjón af framsögðu þykir honum réttilega ákveðin refsing fangelsi í tólf mánuði.

Staðfest eru ákvæði áðurnefndra héraðsdóma um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar er ákveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Haukur Guðmundsson, sæti 12 mánaða fangelsi.

Staðfest eru ákvæði dóma Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1996 og 10. janúar 1997 um sakarkostnað í héraði.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með

talín saksóknarlaun, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 29. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteínssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-680/1996: Ákærvaldið gegn Hauki Guðmundssyni og K, en málið var dómtekið 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 3. september 1996, á hendur „Hauki Guðmundssyni, Hverfisgötu 86, kennitala 190664-4499, og K, báðum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í Reykjavík í maí 1996:

I.

Ákærðu er gefið að sök að hafa árla morguns laugardaginn 25. maí brotist í félagi inn í kjallaraífbúð hússins nr. 40 við Snorrabraut og stolið sjónvarpi, myndbandstæki, geislaspilara, 30 geisladiskum, tímastilli, skjalatösku, 19 myndbandsspólum, ferðabár, tölvu, 2 rafmagnsrakvélum, 2 handtöskum, útvarpstæki, segulbandstæki, magnara, tónjafnara, málverki, straumbreyti, talstöðvarhátalara, útvarpsbylgjuleitara og innskotsborði, öllu samtals að verðmæti um 300.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða Hauki er gefið að sök að hafa 9. maí slegið eign sinni á GSM-símtæki af gerðinni ATT, sem hann kveðst hafa fundið sama dag á salerni veitingahússins Skippersins.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Gísli Páll Jónsson, kt. 191262-2559, skaðabóta, 304.000 kr.“.

Pá eru gefnar út tvær ákærur til viðbótar á hendur ákærða Hauki Guðmundssyni, önnur dags. 16. september 1996, þar sem ákært er „fyrir brot gegn umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni árið 1996 með því að hafa:

I. 11. apríl við hús númer 77 við Laugaveg í Reykjavík haft í sínum vörslum 3,4 g af hassi, sem lagt var hald á,

II. 10. maí í bifreiðinni JC-972 á mótum Hafnarstrætis og Pósthússtrætis í Reykjavík haft í sínum vörslum 0,2 g af amfetamíni, sem lagt var hald á,

III. 25. maí ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ó-10024 frá húsi við Skipholt að Snorrabraut 40, Reykjavík,

IV. 17. ágúst haft í sínum vörslum í Ölkjallaranum, Pósthússtræti 17, Reykjavík, 2,5 g af amfetamíni, sem lagt var hald á.

Liðir I, II og IV teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Liður III telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-
töku samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar
nr. 16/1986 á 2,7 g af amfetamíni og 3,4 g af hassi, sem lagt var hald á, og að
sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26.
gr. laga nr. 44/1993“.

Hin ákæran er dags. 30. september 1996, og er þar ákært „fyrir að hafa 13.
september 1996 í bifreiðinni Í-407 á mótum Vitastígs og Laugavegar í
Reykjavík haft í sínum vörslum 11,8 g af amfetamíni, sem lagt var hald á.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr.
65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985,
og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr.
16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-
töku samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar
nr. 16/1986 á 11,8 g af amfetamíni, sem lagt var hald á“.

Málin hafa verið sameinuð.

Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður er verjandi beggja ákærðu.

Fyrir hönd ákærða Hauks er þess krafist, að hann verði sýknaður að
hluta vegna háttsemi, sem honum er gefin að sök í I. kafla ákæru frá 3.
september 1996, og sýknað verði af sakarefni, sem lýst er í II. kafla sömu
ákæru. Að öðru leyti er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Fyrir hönd ákærða K er krafist sýknu að hluta vegna sakarefnis í I. kafla
ákæru frá 3. september 1996. Að öðru leyti er krafist vægustu refsingar, sem
lög heimila, og að ákærða verði ekki gerð frekari refsing vegna hegningar-
auka.

Þá er krafist málsvarnarlauna vegna beggja ákærðu og að sakarkostnað-
ur, þ. m. t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákæra, dagsett 3. september 1996.

Aðfaranótt laugardagsins 25. maí sl. voru ákærðu handteknir að Snorra-
braut 40, eftir að þeir höfðu brotist inn í kjallaraíbúð í húsinu. Ákærðu
voru með nokkurt þýfi í fórum sínum og voru fluttir á lögreglustöð. Við
yfirheyrslu játuðu þeir innbrot í kjallaraíbúð hússins nr. 40 við Snorrabraut
þessa nótt.

Ákærði K kom fyrir dóminn 20. september og 3. október sl. og viður-
kenndi innbrotið, sem í þessum ákærulið greinir.

Hann viðurkenndi, að hann hefði stolið þeim verðmætum, sem talin eru
upp í þessum ákærulið, utan ákærði mundi ekki eftir, að eftirtöldum mun-
um hefði verið stolið: tveimur rafmagnsrakvélum, tveimur handtöskum,
málverki, innskotsborði, talstöðvarhátalara og útvarpsbylgjuleitara. Við
handtöku ákærðu á vettvangi tók lögreglan í sínar vörslur tölvu, er ákærðu
höfðu stolið.

Ákærði Haukur kom fyrir dóminn 20. september og 11. október sl. Fyrir
dómi 20. september viðurkenndi hann þennan ákærulið réttan og að hafa
stolið þeim verðmætum, sem upp eru talin, ásamt meðákærða.

Fyrir dómi 11. október sl. bar ákærði Haukur á annan veg. Hann lýsti ára-
langri óreglu sinni og að skammtímaminni sitt væri lélegt. Hann kvaðst
muna atburði illa. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa stolið myndbands-
tæki og ekki vita til þess, að geislaspilara hefði verið stolið. Einhverjum
geisladiskum hefði verið stolið, en ekki 30. Ekki hefði verið stolið tímastilli.
Hugsanlegt sé, að skjalatösku hafi verið stolið, ekki 19 myndbandsspólum
og ekki ferðabár. Ákærði var handtekinn með tölvuna í fanginu. Ekki
mundi hann eftir tveimur rafmagnsrakvélum og ekki heldur tveimur hand-
töskum. Hugsanlega hefði verið stolið útvarpi, en ekki segulbandstæki.
Hann kvaðst ekki telja, að magnara hefði verið stolið, ekki vita, hvort
tónjafnara hefði verið stolið, og halda, að málverki hefði ekki verið stolið.
Hann hélt, að ekki hefði verið stolið straumbreyti, og ekki muna eftir tal-
stöðvarhátalara. Hugsanlegt væri, að útvarpsbylgjuleitara hefði verið stolið,
en ekki innskotsborði.

Vitnið Gísli Páll Jónsson garðyrkjumaður kom fyrir dóminn 3. október
sl.

Hann lýsti fyrir dóminum, að öllum þeim verðmætum, sem talin eru upp
í þessum ákærulið, hefði verið stolið af heimili sínu aðfaranótt 25. maí sl.,
og staðfesti vitnið skýrslu, er hann gaf hjá lögreglu, um mat sitt á verðmæti
þeirra muna, er stolið var.

II.

Ákærði kom fyrir dóminn 20. september og 11. október sl. og neitaði þá sök. Ákærði kvaðst hafa fundið farsímamann á salerni veitingahússins Skippersins, en ákærði kvaðst hafa verið að koma þaðan akandi, er lögreglan stöðvaði aksturinn og hafði afskipti af ákærða. Þá kvaðst ákærði hafa verið búinn að hafa símann undir höndum í u. þ. b. 15 mínútur, og hafi vakað fyrir sér að hafa uppi á eiganda símans með það í huga að fá fundarlaun.

Eigandi farsímans lagði fram kæru 21. apríl sl. vegna þjófnaðar á farsíma og taldi, að símanum hefði verið stolið úr jakkavasa sínum, er hann var staddur í Duushúsi að kvöldi 19. apríl sl. Er eigandanum var afhentur farsíminn, kvaðst hann muna eftir því, að hann hefði komið við á Skippernum þetta kvöld, og hugsanlegt væri, að símanum hefði hann gleymt þar, en hann kvaðst hafa verið ölvaður þetta kvöld. Eigandinn kom ekki fyrir dóminn í meðferð málsins.

Ákæru, dagsettar 16. og 30. september 1996.

Ákærði bar fyrir dóminum 11. október sl., að háttsemi sinni væri rétt lýst í báðum þessum ákærum, og er skírskotað til þeirra um lýsingu málavaxta.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 3. september 1996.

I.

Greint er frá því í frumskýrslum lögreglu, að báðir ákærðu hafi sjáanlega verið undir áhrifum einhverra vímuefna við handtöku. Báðir ákærðu hafa játað innbrotið, en ákærði Haukur, sem í fyrstu viðurkenndi að hafa stolið þeim verðmætum, er í ákæru greinir, bar síðan um minnisleysi sitt um nánast flest það, er ákærðu er gefið að sök að hafa stolið í innbrotinu. Framburður ákærða K þykir trúverðugri, og telur dómurinn unnt að miða við framburð hans, sem styðst við framburð meðákærða Hauks og vitnisburð Gísla Páls Jónssonar. Telur dómurinn samkvæmt því sannað, að ákærðu hafi stolið þeim verðmætum, sem í þessum ákærulið greinir, utan tveimur rafmagnsrakvélum, tveimur handtöskum, málverki, innskotsborði, talstöðvarhátalara og útvarpsbylgjuleitara, og eru ákærðu því sýknaðir af því að hafa stolið þessum verðmætum, en sakfelldir að öðru leyti samkvæmt þessum ákærulið.

Brot ákærðu samkvæmt þessum ákærulið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Farsíminn, sem lýst er í þessum ákærulið, hafði verið týndur nokkrar vikur, er ákærði fann símann á salerni Skippersins 9. maí sl. Ekki liggur annað

fyrir en framburður ákærða um það, að hann hafi verið búinn að hafa símann í sínum vörslum í u. þ. b. 15 mínútur, er lögreglan hafði afskipti af ákærða. Ákærði hefur borið, að fyrir sér hafi vakað að koma símanum til skila. Samkvæmt þessu telur dómurinn ekki sannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi verið búinn að slá eign sinni á farsímann, og ber því að sýkna ákærða af broti samkvæmt þessum ákærulið.

Ákærur, dagsettar 16. og 30. september 1996.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í þessum ákærum, öllum liðum þeirra, og varða brotin við þau lagaákvæði, sem í ákærum greinir, en blóðsýni, er tekið var úr ákærða, reyndist við greiningu innihalda 0,97% alkóhól.

Ákærði Haukur hefur frá árinu 1991 hlotið átta refsíðoma fyrir þjófnað, gripdeild, skjalafals og rán. Síðast hlaut ákærði dóm 10. júní sl. fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, en var ekki gerð sérstök refsing. Þá hefur ákærði Haukur frá árinu 1984 gengist undir 16 dómsáttir, aðallega fyrir fíkniefnabrot, og eina lögreglustjórasátt árið 1992 fyrir líkamsárás, og þá gekkst ákærði Haukur undir tvær viðurlagaákvæðanir árið 1995 fyrir fíkniefnabrot.

Hinn 26. september 1994 hlaut ákærði Haukur reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsinga, alls 180 dögum. Ákærði Haukur, sem kom fyrir dóminn 20. september sl. vegna sakarefnis í ákæru, dags. 3. s. m., hefur með brotum þeim, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber því að taka hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Hauks þykir samkvæmt ofanrituðu hæfilega ákvörðuð fangelsi í tfu mánuði.

Ákærði K hefur frá árinu 1981 hlotið 13 refsíðoma fyrir þjófnað, nytjastuld, umferðarlagabrot, skjalafals, rán, fjársvik og líkamsárás. Síðast hlaut ákærði K dóm 10. júlí sl., þá 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 231., 2. mgr. 218. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Ber nú samkvæmt ofanrituðu að dæma ákærða hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða K þykir með vísan til ofanritaðs hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði Haukur er með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga sviptur ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Haukur sæti skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 upptöku á samtals 14,7 g af amfetamíni og 3,4 g af hassi.

Í skaðabótakröfu Gísla Páls Jónssonar á ákæruskjali, dags. 3. september

sl., er krafist bóta fyrir alla þá muni, sem ákærðu er gefið að sök að hafa stolið. Svo sem rakið var, eru ákærðu ekki dæmdir fyrir að hafa stolið öllum þeim munum, sem í ákæru greinir. Samkvæmt kröfugerð Gísla Páls Jónssonar nemur verðmæti þeirra hluta, sem ákærðu eru sýknaðir af að hafa stolið, 37.500 kr. Rétt þykir samkvæmt þessu að lækka skaðabótakröfuna sem þessu nemur og dæma ákærðu óskipt til að greiða Gísli Páli Jónssyni skaðabætur, að fjárhæð 266.500 kr., en vaxta er ekki krafist.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þ. m. t. 35.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, og 50.000 kr. í málsvarnarlaun sameiginlegs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði Haukur Guðmundsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði K sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Haukur Guðmundsson skal sviptur ökurétti í 3 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Haukur Guðmundsson sæti upptöku á 14,5 g af amfetamíni og 3,4 g af hassi.

Ákærðu greiði Gísli Páli Jónssyni, kt. 191262-2559, óskipt 266.500 kr. í skaðabætur.

Ákærðu greiði sakarkostnað óskipt, þ. m. t. 35.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 50.000 kr. í málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 10. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-861/1996: Ákæruvaldið gegn Hauki Guðmundssyni, J og KJ, en málið var dómtekið 20. desember sl. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 22. október 1996, á hendur „Hauki Guðmundssyni, Hverfisgötu 86, Reykjavík, kennitala 190664-4499, J og KJ fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í Reykjavík árið 1996:

I.

Ákærðu Hauki og KJ er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 11. september 1996 brotist í félagi inn í kjallarafbúð að Háteigsvegi 30 og stolið geisla-

spilara og segulbandstæki, tónmagnara, þremur hátölurum, úri, gullhring, sjö silfurhringum, fimmtán eyrnalokkum, níu brjóstnælum, bindisnælu, þremur hálsmenjum og armbandi.

II.

I.

Ákærði Haukur kom fyrir dóminn 12. nóvember sl. og viðurkenndi að hafa brotist inn í kjallarafbúðina að Háteigsvegi 30 og ásamt meðákærða KJ stolið þeim verðmætum, sem lýst er í ákæru.

Ákærði KJ kom fyrir dóminn 10. desember sl. og viðurkenndi þá að hafa ásamt meðákærða Hauki framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af.

II.

Niðurstöður.

Sannað er með skýlausri játningu allra ákærðu, að þeir hafa allir gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru, og eru brot ákærðu þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Haukur hefur samkvæmt sakavottorði hlotið tíu refsíðoma frá árinu 1981 fyrir þjófnað, hylmingu, rán, skjalafals og fíkniefnabrot. Þá hefur ákærði Haukur frá árinu 1984 gengist undir sextán dómsáttir, tvær viður- lagaákvæðanir og eina lögreglustjórasátt, aðallega fyrir fíkniefnabrot.

Samkvæmt málaskrá Héraðsdóms Reykjavíkur eru ódæmdar þrjár ákær- ur á hendur ákærða Hauki. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós, að kveðinn var upp átta mánaða fangelsisdómur yfir ákærða 10. maí sl. og þá dæmd upp 180 daga reynslulausn, er ákærði hlaut 26. september 1994. Dómurinn frá 10. maí 1996 er ekki til í dómabókum embættisins, og er dómsins ekki getið á sakavottorði ákærða, sem dagsett er 7. janúar 1997. Dómsorð er hins vegar að finna í þingbók. Þessi dómur er samkvæmt ofanrituðu ellefti refsíðómur ákærða.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október sl. hlaut ákærði tíu mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað, og var 180 daga reynslulausnin þá tekin upp og dæmd með. Dómari þessa máls kvað jafnframt upp dóminn 29. október sl. Við uppsögu dómsins 29. október sl. varð ekki annað ráðið af málaskrá embættisins en ákærði ætti ódæmdar þrjár ákæru, tvær frá árinu 1995 og eina frá árinu 1996. Hvorki var unnt að ráða af málaskránni né sakavottorði, að máluum hefði verið lokið 10. maí 1996. Dóminn er ekki að finna í dómabók embættisins og hans ekki getið á sakavottorði ákærða,

sem dagsett er 7. janúar 1997. Sama staða er nú uppi um dóminn frá 10. maí.

Dómurinn frá 29. október sl. er bersýnilega rangur, þar sem 180 daga reynslulausn ákærða er þar dæmd upp öðru sinni. En við uppsögu dómsins 29. október sl. bar einnig að líta til ítrekunaráhrifa dómsins frá 10. maí, en ekkert af þessu var unnt að sjá fyrir né taka tillit til þess, svo sem rakið hefur verið. Dómurinn frá 29. október sl. stendur hins vegar, þar til honum hefur verið hnekkkt, og ber því að dæma ákærða nú hegningarauka við tíu mánaða fangelsisdóminn, og þykir refsing ákærða Hauks með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjá mánuði.

 Ákærði Haukur greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 kr. í málsvarnarlaun, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt. Ekki eru dæmd saksóknarlaun, þar sem málið var flutt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði Haukur Guðmundsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði J sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði KJ sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærðu J og KJ greiði Vátryggingafélagi Íslands hf 17.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. júní 1996, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga og til greiðsludags.

Ákærði Haukur greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 kr. í málsvarnarlaun, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.
